



Reglur um styrki til náms-, verkfæra- og tækjakaupa

1. kafli

Almenn atriði

1. gr.

Tegund þjónustu

Reglur þessar taka til:

- Styrkja sem veittir eru á grundvelli 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

2. gr.

Markmið

Markmið reglanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- Sótt sér menntun
- Viðhaldið og aukið við þekkingu og færni
- Nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu

3. gr.

Forsendur

Styrkurinn er ætlaður fötluðu fólki sem þarfnast sérstaks stuðnings af þeirri ástæðu, til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar, og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eiga lögheimili í Kópavogi
- Hafa náð 18 ára aldri.
- Hafa varanlega örorku.

4. gr.

Skilgreiningar

Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári, að hausti og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda umsókna hverju sinni. Um er að ræða eftirtalda styrki:

- Námsstyrki fyrir námskeiðsgjöldum, skólagjöldum og námsgögnum.
- Styrki vegna verkfæra- og tækjakaupa til að skapa atvinnutækifæri

5. gr.

Úthlutanir

Eftirtalin viðmið eiga við um úthlutun styrkja:

- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á þriggja ára fresti.
- Styrkir til náms ganga að öllu jöfnu fyrir styrkjum til verkfæra- og tækjakaupa.
- Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggi staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.
- Umsækjandi skal sýna fram á gagnsemi styrks til að auka virkni sína og möguleika til atvinnuþátttöku.
- Umsækandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir. Í þessu sambandi er vísað til sjóða stéttarfélaganna sem umsækjandi greiðir til, lögbundinna framlaga vegna hjálpartækja og þess ef nám er lánshæft samkvæmt lögum og úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

6. gr.

Umsóknarferli

Auglýst er eftir umsóknum um styrki á heimasíðu bæjarins og héraðsfréttablöðum Kópavogsbæjar eigi síðar en 1. september ár hvert. Umsókn þarf að vera skrifleg og berast fyrir 1. október ár hvert. Umsóknareyðublað fæst í afgreiðslu Félagsþjónustunnar og á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.

7. gr.

Fylgigögn umsóknar

Umsóknum skal fylgja upplýsingar frá umsækjanda og/eða fagaðilum þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda. Önnur fylgigögn taka mið af tegund styrks sem sótt er um.

Styrkur vegna náms:

1. Námsvottorð. Staðfesting frá skóla um skráningu í nám.
2. Frumrit af kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum.

Styrkur vegna verkfæra- og tækjakaupa:

1. Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum.
2. Staðfest skattframtal og staðgreiðslufirlit skatta.

8. gr.

Mat og afgreiðsla

Þegar umsókn hefur verið móttækin er umsækjanda tilkynnt móttaka innan tveggja vikna.

Úthlutun styrkja fer fram einu sinni á ári og er tilkynnt umsækjanda með formlegum hætti.

Styrkur er einungis greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum.

Réttur til úthlutunar fyrir sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað. Réttur til greiðslu fyrir ef fylgigögnum og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað fyrir 31. desember þess árs sem styrkumsókn hefur verið samþykkt.

Sé umsókn hafnað skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti. Umsækjanda skal bent á áfrýjunarrétt til félagsmálaráðs.

9. gr.

Áfrýjun

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun um afgreiðslu umsóknar til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarráðuneytisins þegar niðurstaða félagsmálaráðs liggur fyrir.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar samkvæmt 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Kópavogs 12.4.2012.